

Samkomulag

milli Einingar-Iðju annars vegar og TDK Foil Iceland ehf. hins vegar vegna félagsmanna Einingar-Iðju í vaktavinnu hjá TDK Foil Iceland ehf.

Kjarasamningur Einingar-Iðju og TDK Foil Iceland ehf. framlengist með svofelldum breytingum:

1. gr.

Laun:

Kauptaxtar kjarasamnings þessa munu frá 1. janúar 2024 taka þeirri almennu launabreytingu sem samið verður um í nýjum kjarasamningi Einingar-Iðju og Samtaka atvinnulífsins árið 2024

Aðrir launatengdir liðir hækki með sama hætti og almenni vinnumarkaðurinn. (vaktstjóraálag/Lead operator)

2. gr.

Tæknirammi:

Uppfærður og einfaldaður tæknirammi fyrir rannsóknarstofu verður kláraður fyrir 1. apríl 2024. Tæknirammi 4 verður kláraður á árinu 2024.

3. gr.

Orlofs- og desemberuppbót:

Persónuuppbætur hækki um sömu krónutölu og samið verður um á almenna markaðinum fyrir árið 2024.

4. gr.

Vinna á stórhátíðum:

Álag vegna vinnu á föstudaginn langa, páskadag, eftir kl. 12:00 á aðfangadag, jóladag, eftir kl. 12:00 á gamlársgag og nýársdag verði kr. 650.- frá 1. janúar 2024.

5. gr.

Sumarfrí:

Settur verði á starfshópur af framleiðslufólki til að skoða breytingar til að koma til móts við kröfur stafsmanna um tækifæri á auknu sumarfríi. Starfshópurinn skili niðurstöðu eigi síður en 1. mars 2024. Eining Iðja og TDK skipa einn fulltrúa hvort frá sér í slíka nefnd. Ekki verður greitt fyrir þá auka vinnu sem skapast af þessum starfshópi.

6. gr.

Gildistími:

Samkomulag þetta taki gildi frá 1. janúar 2024 og gildi til 31. desember 2024.

Akureyri 31. janúar 2024

F.h. Einingar-Iðju

F.h. TDK Foil Iceland ehf

Rafræn undirritun